



Reykjavíkurborg

Borgarstjórnin í Reykjavík

Reykjavík, 12. nóvember 2019

R14020111

1360

Borgarráð

Tillaga að endurnýjun samstarfssamnings um jafnréttisrannsóknir milli RIKK og Reykjavíkurborgar

Lagt er til að borgarráð samþykki að endurnýja samstarfssamning Reykjavíkurborgar við RIKK - rannsóknastofnun í jafnréttisfræðum til tveggja ára, þ.e. frá 1. des 2019 til 1. des. 2021 með vísan í hjálagða umsögn mannréttindastjóra Reykjavíkurborgar

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Umsögn mannréttindastjóra, dags. 22. október 2019



UMSÖGN

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Anna Kristinsdóttir

Umsögn mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar vegna beiðni RIKK um áframhaldandi samstarf

Í tölvupósti dags. 9. október sl. óskar RIKK - rannsóknastofnun í jafnréttifræðum eftir því að Reykjavíkurborg framlengi samstarfssamning um jafnréttisrannsóknir sem er í gildi á milli RIKK og borgarinnar.

Aðalmarkmið RIKK, sbr. vefsíðu stofnunarinnar, er að efla og samhæfa jafnréttisrannsóknir og rannsóknir í kvenna, kynja- og jafnréttisfræðum jafnframt því að vinna að og kynna niðurstöður rannsókna. RIKK miðlar þekkingu á sviði kvenna-, kynja- og jafnréttisfræða með því að gangast fyrir námskeiðum, fyrirlesturum, ráðstefnum og útgáfu.

Forsaga samstarfs Rikk fyrir hönd Háskóla Íslands og Reykjavíkurborgar.

Allt frá árinu 2000 hefur verið í gildi samstarfssamningur milli Reykjavíkurborgar og Háskóla Íslands er laut að jafnréttisrannsóknnum og sinnir RIKK þessu samstarfi að hálfu Háskólans.

Núgildandi samningur

Síðasti samningurinn var undirritaður 3. janúar 2017 og gildir hann til 1. desember 2019. Samkvæmt þeim samningi leggur Reykjavíkurborg til kr. 3.250.000 kr. á ári en Háskóli Íslands skuldbatt sig til að greiða mótframlag sem nam hálfum launum forstöðumanns RIKK sem sinnir samstarfinu að hálfu Háskóla Íslands. Reykjavíkurborg hefur í stað framlagsins getað óskað eftir því að ákveðin verkefni sem tengjast jafnréttismálum séu unnin.

Til að fylgja eftir samningnum starfar samráðsnefnd Reykjavíkurborgar og RIKK og heldur hún reglbundið fundi.

Fyrir hönd borgarinnar er mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa ábyrg fyrir samningnum en RIKK fyrir hönd Háskóla Íslands.

Mat Mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar á framlengingu samningsins

Mannréttindaskrifstofa Reykjavíkurborgar leggur til að samningurinn við RIKK verði endurnýjaður til tveggja ára þ.e. frá 1. des 2019 til 1. des. 2021.

Þau verkefni sem RIKK sinnir á sviði jafnréttismála í víðum skilningi eru afar mikilvæg og hafa í gegnum tíðina vakið athygli og skapað umræðu á því sviði. Í því samhengi sem tengist borgarbúum og gestum hennar er vert að nefna opna fyrirlestra en á hausmisseri er fyrirlestraröð sem beinist að öldrun og kyni. Einnig hefur starfsfólki borgarinnar sem vinnur að Kynjaðri fjárhags- og starfsáætlun boðist að sitja námskeið um kynjaða fjárlagagerð hjá Alþjóðlega jafnréttisskólanum og hafa margir nýtt sér það. Reykjavíkurborg hefur getað falið RIKK að vinna fyrir sig ákveðin afmörkuð verkefni án þess að greiða sérstaklega fyrir það. Athygli sviðsstjóra borgarinnar hefur reglubundið verið vakin á þessum möguleika. Samstarfið hefur verið gjöfult á báða bóga og er borginni til gagns og öll efling jafnréttisumræðu kemur samfélaginu til góða.

Með kveðju
Anna Kristinsdóttir
Mannréttindastjóri